



# Skíðaríng 2017

Skýrslur nefnda og stjórnar



Samstarfsaðilar Skíðasambands Íslands



## **Efnisyfirlit**

Skýrsla stjórnar. . . . .	3
Skýrsla alpagreinarnefndar. . . . .	6
Skýrsla skíðagöngunefndar. . . . .	12
Skýrsla snjóbrettanefndar. . . . .	17
Tölfræði . . . . .	19

## Skýrsla stjórnar SKÍ 2015 – 2017

Á Skíðaþingi 2015 var kosin ný stjórn til tveggja ára. Hana skipuðu:

- Einar Þór Bjarnason formaður
- Ögmundur Knútsson varaformaður
- Dagbjartur Halldórsson gjaldkeri
- Auðunn Friðrik Kristinsson ritari
- Jóhann Friðrik Haraldsson - Formaður alpagreinaneftndar
- Friðbjörn Benediktsson – Formaður snjóþrettaneftndar.
- Birgir Gunnarsson - Formaður skíðagönguneftndar

Sem varamenn stjórnar voru þau kosin:

- Anna Laufey Sigurðardóttir
- Eðvald Garðarsson
- Kolbrún Ívarsdóttir

Á tímabilinu baðst Birgir Gunnarsson lausnar frá stjórnarstörfum og sæti hans í stjórn tók Anna Laufey Sigurðardóttir, fyrsti varamaður. Kristján Hauksson tók við sem formaður skíðagönguneftndar. Þá baðst Jóhann Friðrik Haraldsson einnig lausnar frá stjórnarstörfum og við tók Eðvald Garðarsson, annar varamaður. Snorri Páll Guðbjörnsson tók á sama tíma við formennsku í alpagreinaneftnd.

Á starfstímabilinu voru haldnir 23 fundir og voru þeir ýmist haldnir á Akureyri, í Reykjavík eða í gegnum fjarfundarbúnað. Snemma á tímabilinu var tekin ákvörðun um að fjölga fjarfundum með það fyrir augum að minnka ferða- og fundakostnað og spara tíma stjórnar.

Í upphafi tímabilsins voru gefin út erindisbréf fyrir allar nefndir SKÍ en þar voru lagðar fram starfsreglur nefndanna. Breyting var á fyrirkomulagi stjórnar og nefnda í kjölfar þingsins þar sem formaður, varaformaður, gjaldkeri og ritari mynda framkvæmdastjórn. Með þessu fyrirkomulagi fjallaði framkvæmdarstjórn SKÍ fyrst og fremst um rekstur og almennt starf SKÍ á meðan fagneftndir fjölluðu um málefni einstakra greina. Eins var starfsemi fræðslu- og útbreiðsluneftndar felld niður og málaflókkurinn færður til hvernar fagneftndar fyrir sig. Nokkurn tíma tók að slípa þetta nýja fyrirkomulag til en þegar leið á tímabilið komst festa á skipulagið sem gefur góða raun fyrir framtíðina.

Í stefnumótun sambandsins sem samþykkt var á formannafundi 2014 var lögð áhersla á nýjar greinar og var sérstaklega horft til þess að styðja við fjallaskíði og hraðabrun (e. Speed Skiing). Alpagreinaneftnd tók þennan bolta og stóð m.a. fyrir snjóflóðanámskeiði fyrir fjallaskíðafólk í samvinnu við Slysavarnarskóla Landsbjargar. Stefnt er að frekari innleiðingu fjallaskíða inni starf sambandsins á komandi árum. Til stóð að halda hraðabrunmót vorið 2015 sem hugsanlegan undanfara heimsbikarsmót 2016, en vegna aðstæðna var fallið frá því þrátt fyrir töluverðan undirbúning. Í kjölfarið var tekin ákvörðun um að hætta alfarið við mótahald á hraðaskíðum þar sem kostnaður var meiri en gert var ráð fyrir og einnig var talið að þessi grein væri erfið í framkvæmd hér á landi. Á kjörtímabilinu hefur stjórn SKÍ einnig rætt um möguleika á að taka upp skíðaskotfimi og hafa nokkur samtöl þegar átt sér stað, meðal annars við Alþjóðaskíðaskotsambandið (IBU).

Nokkur umræða var um verklagsreglur vegna styrkja til landsliðsfólks sem þóttu ekki nægilegar skýrar. Voru mótaðar reglur um fyrirkomulag styrkja, styrkjaúthlutun og meðferð mála þar sem styrkþegar hætta einhverra hluta vegna æfingum eða keppni á tímabilinu.

Haldnir voru fundir með aðildarfélögum SKÍ en lagt var upp með að fara í hvern landshluta einu sinni að hausti til að eiga samtal við félögin, sjá hvar skóinn kreppir og hvernig staðan er. Fundir þessir reyndust ákaflega vel og þóttu gagnlegir fyrir félögin og SKÍ. Mikilvægt er að festa fundina í sessi til að koma á virku samtali og upplýsingaflæði milli SKÍ og aðildarfélaganna.

Mikið var um að vera á skrifstofu SKÍ eins og undanfarin ár. Áhersla hefur verið lögð á að festa verklag og starfshætti í sessi svo allt starfið fái faglegra yfirbragð og verði markvissara. Haustið 2015 var farið í vinnu við nýja heimasíðu þar sem sú fyrri var orðin úrelt og gömul. Ákveðið var að semja við Stefnu hugbúnaðarhús með vefkerfi og uppsetningu. Nýja heimasíðan hefur komið mjög vel út en hún byggir á meiri myndrænni framsetningu en eldri síðan. Eins býður hún upp á gott viðmót fyrir snjallsíma og spjaldtölvur. Umferð á heimasíðuna hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og í dag eru um 15.000 heimsóknir á mánuði og um 50% þeirra eru úr snjalltækjum.

Umfang og rekstur landsliða sambandsins hefur breyst mikið á tímabilinu og aukist. Landsliðsprógram hjá alpagreinum breyttist og minni áhersla lögð á að halda úti verkefnum allan veturinn en á sama tíma bættist verulega í landsliðsverkefni í skíðagöngu og snjóþrettum. Ferðir landsliða erlendis eru orðnar mun fleiri og reglulegri. Mótamálin eru alltaf ofarlega á verkefnalista skrifstofunnar og orðin mun fyrirferðameiri en áður. Bikarmótröð er nú haldin í öllum þrem greinunum ásamt því að alpagreinar og skíðaganga eru farin að halda sín mót sem alþjóðleg FIS mót. Stefnt er að því að öll mót veturinn 2017/2018 verði alþjóðleg FIS mót í öllum þremur greinunum. Við það stækka mótamálin en frekar því tengsl við alþjóðasambandið, erlenda eftirlitsmenn og erlenda keppendur eykst.

Unnið var markvisst í því að bæta umgjörð, ásýnd og sýnileika mótamála. Stjórn SKÍ ákvað á tímabilinu að fjárfesta í útsendingarbúnaði til að geta sýnt beint frá mótum á netinu. Fjárfest var í einni myndavél, útsendingartölvu ásamt aukahlutum og dróna. Fyrsta útsending var í janúar 2017 og má með sanni segja að þetta hafa vakið jákvæð viðbrögð þrátt fyrir nokkra byrjunarörðuleika. Það er mat stjórnar SKÍ að þetta gerir hreyfinguna sýnilegri fyrir bæði keppendur, foreldra og þjálfara ásamt styrktaraðilum sambandsins og aðildarfélaga. Ekki er stefnt að frekari fjárfestingum tengt þessu en stefnt er að því að efla verkefnið og ná að keyra það hnökralaust næsta vetur. Unnið var með samstarfsaðilum sambandsins að því að fjölga og bæta römmum með auglýsingum og strandfánum á öllum mótum ásamt því að fjárfest var í uppblásnum marki sem hefur gefið skemmtilegan svip á mót vetrarins.

Nýtt mótakerfi hefur mikið verið í umræðunni á tímabilinu. Á ársþingi FIS í júní 2016 skrifaði SKÍ undir samning við sænska skíðasambandið um notkun á mótakerfi sem þeir hafa hannað og þróað. Vonir stóðu til að taka kerfið í notkun haust 2016 en sökum tafa á uppsetningu á kerfinu hér heima tókst ekki að klára það fyrr en á vormánuðum. Með kerfinu er komið upp samræmdu úrslitakerfi fyrir alla skíðahreyfinguna en kerfið heldur utan um mót, skráningar og úrslit. Samhliða úrslitakerfinu kemur tímatökuforrit sem öll aðildarfélög fá aðgang að. Í sumar verður gengið frá lausum endum í kerfinu og það tekið í notkun haustið 2017. Nú þegar hefur verið haldið eitt námskeið í Reykjavík með sýnikennslu og verða fleiri slík á næstunni. Kvikna hugbúnaðarkerfi sér um hönnun og rekstur kerfisins fyrir SKÍ.

Í upphafi árs 2016 var Almar Ögmundsson ráðinn til starfa á skrifstofu SKÍ í hálfstarf. Hans hlutverk var að létta á þeim verkefnum sem fyrir voru á skrifstofunni og þá sérstaklega að koma að mótamálunum hér heima. Sökum náms lét Almar af störfum í apríl 2017 og er honum þakkað fyrir góð störf. Ákveðið var að ráða Sigurgeir Halldórsson í fullt starf frá og með 1.maí 2017 og tekur hann við mótamálum hér heima ásamt fræðslu- og útbreiðslumálum. Eins og áður segir munu mótamálin stækka mikið næsta vetur þar sem öll mót verða alþjóðleg. Einnig er margt ábótavant í fræðslu- og útbreiðslumálum sem lengi hefur verið á stefnuskráni en sökum margra verkefna hafa þau mál oft endað aftarlega í forgangsröðinni.

23.júní 2016 voru 70 ár frá stofnun Skíðasambands Íslands og því um stórafmæli að ræða. Stjórn SKÍ ákvað að halda veglega uppá það í tengslum við Skíðamót Íslands 2016 sem fram fór í Reykjavík. Afmælið var tengt við verðlaunaafhendingu sem var gerð veglegri. Skíðafólk sem komið hefur að uppbyggingu íþróttarinnar var heiðrað og starfsemi SKÍ gerð góð skil. Á ársfundi SKÍ vorið 2016 var haldið formlega uppá afmælið með pompi og prakt. Stjórn SKÍ ákvað að slá afmælinu saman við ráðstefnu um íþróttina og voru fengnir þrír erlendir fyrirlesarar til landsins, meðal annars Sarah Lewis, framkvæmdastjóri alþjóðaskíðasambandsins FIS.

Skíðasamband Íslands er aðili að tveimur alþjóðasamböndum, FIS og WSF. Sem aðili að þeim er mikilvægt að sækja fundi og fylgjast með starfi þeirra sem og að læra af þeim og öðrum skíða- og snjóþéttasamböndum. SKÍ hefur verið virkt að sækja fundi þess á tímabilinu og hér að neðan má sjá þá fundi sem voru sóttir.

- Vorfundur FIS 2015 í Búlgaríu
- Haustfundur FIS 2015 í Sviss
- FIS þing 2016 í Mexíkó
- Haustfundur FIS 2016 í Sviss
- Ársfundur WSF 2016 í Austurríki

Fjáröflun sambandsins hefur gengið mis vel. Sambandið nýtur góðs af opinberlegum styrkjum í gegnum ÍSÍ og ber þar hæst að nefnda lottó og afrekssjóð. Ríkið hefur ákveðið að auka framlag til afrekssjóðs til muna og eru það frábærar fréttir. SKÍ þarf þó að halda áfram að þróa sitt afreksstarf til þess að verða ekki á eftir öðrum sérsamböndum þegar kemur að framtíðar úthlutunum úr afrekssjóðnum. Skíðasambandið lagði all nokkra vinnu í þróun og mótun afreksstefnu ÍSÍ í samstarfi við önnur sérsambönd ÍSÍ en framundan er að færa þá vinnu inn í skíðasambandið. FIS styrkurinn er okkur mikilvægur og fengum við okkar stærstu úthlutun frá upphafi árið 2016 en sökum styrkingu íslensku krónunnar varð mun minna úr styrknum miðað við undanfarin ár. Á tímabilinu breytti FIS fyrirkomulagi við skiptingu styrkjanna og tók SKÍ virkan þátt í að móta þá vinnu en markmið nýs fyrirkomulags er að hvetja til frekari athafna skíðasambanda. Á tímabilinu kom Vodafone inn sem nýr aðal samstarfsaðili SKÍ sem var virkilega mikilvægt. Erfiðlega hefur gengið að fjölga í þeim hópi en fjölmörg fyrirtæki styrkja okkar með ýmsum hætti í starfinu. Verið er að hugsa nýjar leiðir til að bæta við fjáröflun sambandsins og er sú vinna nú þegar hafin. Vonandi munum við sjá afrakstur hennar strax á ársreikningi fyrir árið 2017.

Ég vil þakka meðstjórnendum mínum, nefndarmönnum, framkvæmdastjóra, landsliðsþjálfuruma og skíðahreyfingunni fyrir ánægjulegt samstarf á þessu tímabili.

F.h. stjórnar SKÍ  
Einar Þór Bjarnason

## Skýrsla alpagreinanevndar SKÍ 2015-2017

Á Skíðafingi 2015 var kosin ný nefnd til tveggja ára. Hana skipuðu:

- Jóhann Friðrik Haraldsson (Formaður, skipaður úr stjórn SKÍ)
- Brynja Þorsteinsdóttir
- Dan Brynjarsson
- Egill Ingi Jónsson
- Garðar Þorvaldsson

Egill Ingi Jónsson hætti í nefndinni um sumarið 2015 og í hans stað kom Snorri Páll Guðbjörnsson. Jóhann Friðrik Haraldsson steig til hliðar sem formaður sumarið 2016 og tók Snorri Páll Guðbjörnsson við sem formaður.

### Tímabilið 2015/2016

Störf nefndarinnar fóru seint af stað að loknu Skíðafingi. Skiptar skoðanir voru hvernig landsliðsstarfið átti að vera en að lokum var valið í lið yfir sumarið og prógram kynnt.

A-landslið

- Freydís Halla Einarsdóttir
- Helga María Vilhjálmsdóttir
- María Guðmundsdóttir
- Sturla Snær Snorrason

Auka A-landsliðs var valið í tvo æfingahópa, annars vegar „HM unglinga“ og hins vegar „Ung og efnileg“.

Í ljósi þess að þrír af fjórum keppendum úr A-landsliðinu væru komin í háskólaprógram var ákveðið að ráða ekki landsliðsþjálfara í fullt starf. Þess í stað var ákveðið að ráða tvo verkefnastjóra sem höfðu yfirumsjón með æfingahópunum og verkefnum sambandsins. Þeir voru Egill Ingi Jónsson og Grímur Rúnarsson. Þar sem enginn þjálfari var í fullu starfi var ákveðið að styrkja vel þá keppendur sem voru valin í A-landsliðið.

Freydís Halla Einarsdóttir var á sínu fyrsta ári í háskóla í Bandaríkjunum og átti frábært tímabil. Lækkaði sig verulega í FIS punktum og skoraði sínu fyrstu stig í Norður-Ameríku bikar. Helga María Vilhjálmsdóttir hóf veturinn í háskólaprógrami í Noregi en á fyrsta mótí vetrarins varð hún fyrir því óláni á slíta krossbönd í hné. Við tók aðgerð og endurhæfing hjá henni það sem lifði vetrar og fram á sumarið 2016. María Guðmundsdóttir var einnig að hefja nám í háskóla og keppti á sínum fyrstu mótum í Bandaríkjunum í janúar 2016. Hún náði frábærum árangri og lækkaði punktana sína umtalsvert, vann mót og gerði sín fyrstu stig í Norður-Ameríku bikar. Sturla Snær Snorrason æfði og keppti með NTG liðinu í Geilo. Á tímabilinu keppti hann að mestu í Skandinavíu og náði að lækka punktstöðu sína í svigi og stórsvigi.

Í byrjun september voru liðin tekin í þrekktest og í október var farið á Hintertux jökul til æfinga. Ferðin var 11 dagar og fóru 10 keppendur auk verkefnastjórana. Rétt fyrir jól var farið til Åre á FIS mót sem hafa verið sótt undanfarin ár. Keppt var á fjórum mótum og fóru 12 keppendur ásamt þremur fylgdarmönnum.

Á upphaflegu plani var gert ráð fyrir að fara á HM unglunga en sökum kostnaðs var tekin sú ákvörðun að hætta við þátttöku. Mótið fór fram í Sochi í Rússlandi og var kostnaðurinn um þrefaldur miðað við venjulega ferð. Ákveðið var að bjóða HM unglingahópnum uppá æfinga- og keppnisferð til Noregs í febrúar í staðinn. Þar var keppt á fjórum mótum.

Ólympíuleikar ungmenna voru haldnir í annað sinn og tveir íslenskir keppendur voru valdir til þátttöku, þau Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir og Bjarki Guðjónsson. Þjálfari í þessari ferð var Grímur Rúnarsson en einnig fóru tveir fylgdarmenn frá ÍSÍ á mótið en þjálfara í skíðagöngu.

Í janúar 2016 var haldið þjálfari 2 námskeið þar sem Ron Kipp frá bandaríska skíðasambandinu var leiðbeinandi. Námskeiðið tókst frábærlega í alla staði og voru tæplega 20 þátttakendur.

Sendir voru keppendur til þátttöku á Topolino mótinu eins og undanfarin ár. Mótið fór fram 4.-5.mars og tóku 10 keppendur þátt auk þriggja þjálfara.

Yfir veturinn ræddi nefndin um viðmið inní landslið sem og inná ákveðin mót. Ákveðið var og gefin voru út viðmið fyrir báða þessa þætti en tilkynnt að valið yrði eftir þessum viðmiðum í vor fyrir næsta vetur.

### **Tímabilið 2016/2017**

Nýtt landslið var valið vorið 2016 eftir valreglum sem kynntar voru fyrir um veturinn.

#### **A Landslið**

- Freydís Halla Einarsdóttir
- Helga María Vilhjálmsdóttir
- María Guðmundsdóttir
- Sturla Snær Snorrason

#### **B Landslið**

- Andrea Björk Birkisdóttir
- Bjarki Guðjónsson
- Björn Ásgeir Guðmundsson
- Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir
- Jón Gunnar Guðmundsson
- Katla Björg Dagbjartsdóttir
- Kristinn Logi Auðunsson
- Magnús Finnson
- Sigurður Hauksson

### **Maí – September**

Í maí var haldinn Ársfundur SKÍ og var hann tvískiptur þar sem fyrri hluti hans var í formi málstofu og seinni hlutinn afmælishátíð SKÍ sem varð 70 ára á árinu 2016. Málefni alpagreina sem rædd voru á málstofunni voru eftirfarandi:

- Landsliðsmál – hvert stefnum við?
- Mikilvægi þrekþjálfunar
- Mótamál
- Búnaður
- Barnamót erlendis á vegum SKÍ

Málþingið var nokkuð vel sótt og sköpuðust góða umræður um þau málefni sem rædd voru.

Egill Ingi Jónsson var ráðinn landsliðsþjálfari til eins árs í júlí og hélt hann landsliðsfólkinu á tánum hvað þrekþjálfun varðar. A og B landsliðin vour svo tekin í test í ágúst.

Í ágúst auglýsti AGN í fyrsta skipti formlega eftir umsóknum um aðstoðarmenn í verkefni á vegum SKÍ um veturinn. Eftirspurn var mjög dræm sem kom AGN nokkuð á óvart og þótti miður þar sem oft hefur verið rætt um að fólk sé handvalið til þessara verkefna. Umsóknir voru reyndar það fáar að ekki tókst að manna öll verkefni með þessum hætti.

## **Október – Desember**

Hluti af A og B landsliðinu fóru til æfinga á Hintertux jökul í Austurríki þann 11.október og voru til 24.október við frábærar aðstæður. Sigurgeir Halldórsson var aðstoðarmaður í þessari ferð.

Egill Ingi tók landsliðin í annað test í nóvember og þeir sem ekki voru á landinu tóku testin hjá sínum þjálfurum í samráði við Egil.

Í nóvember voru gefnar út valreglur fyrir stórmót komandi vetrar sem voru HM fullorðinna í St Moritz í Sviss, Ólympíuhátið Evrópuæskunnar í Erzurum í Tyrklandi og HM unglunga sem fram fór í Åre í Svíþjóð.

Í nóvember fór einnig hluti B landsliðsins til Noregs í æfinga og keppnisferð til Geilo. Farið var út 21.nóvember og endað á mótarið í Geilo í byrjun desember. Jón Gunnar Guðmundsson, Björn Ásgeir Guðmundsson, Katla Björg Dagbjartsdóttir og Bjarki Guðjónsson fóru í þá ferð og var Grímur Rúnarsson Agli til aðstoðar. Sturla Snær Snorrason og Andrea Björk Birkisdóttir tóku einnig þátt í æfingum eins og þau gátu komið við samhliða sínum verkefnum.

Fjallaskíðanefnd SKÍ var stofnuð í lok nóvember og hana skipa:

- Snorri Páll Guðbjörnsson (tengiliður við AGN)
- Aron Andrew Rúnarsson
- Pétur Stefánsson
- Sigurgeir Halldórsson

Nefndin fór strax af stað með vinnu við að reyna að ná utan um ört stækkandi hóp íslendinga sem stundar fjallaskíði. Haft var samband við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu um að sjá um snjóflóðanámskeið fyrir almenning á komandi vetri. Einnig var unnin undirbúningsvinna fyrir frekari verkefni á vegum nefndarinnar, svo sem fjallaskíðamót og leiðir fyrir SKÍ að efla þátttöku fólks ennfrekar í fjallaskíðamennsku.

## **Janúar – febrúar**

Snjóflóðanámskeið á vegum SKÍ (haldið af Landsbjörgu) var fyrirhugað um miðjan janúar en vegna snjóleysis og veðurs varð að fresta námskeiðinu fram í mars.

Tilkynnt var um val á HM fullorðinna í lok janúar eftir áður útgefnum valreglum og unnu sér inn þátttökurétt fyrir hönd SKÍ:

- Andrea Björk Birkisdóttir
- Freydís Halla Einarsdóttir
- Helga María Vilhjálmsdóttir
- María Guðmundsdóttir
- Jón Gunnar Guðmundsson
- Kristinn Logi Auðunsson
- Magnús Finnson
- Sturla Snær Snorrason

Því miður þá náði María Guðmundsdóttir ekki að jafna sig af meiðslum sem hún varð fyrir haustið 2016 áður en mótið hófst og varð að draga sig úr hópnum. Þá lenti Helga María í því



að brjóta á sér þumalputta við æfingar rétt fyrir mót og gat ekki heldur tekið þátt. Þann 6. febrúar hélt hluti hópsins sem fór á HM fullorðinna til Garmisch Partenkirchen í Þýskalandi til undirbúnings fyrir HM. Hópurinn sem fór þangað voru Jón Gunnar Guðmundsson (SKRR), Kristinn Logi Auðunsson (SKRR), Magnús Finnson (SKA) og Sturla Snær Snorrason (Ármani). Æft var dagana 7. – 10. febrúar og keppt á einu svigmóti 11. febrúar. Til aðstoðar við Egil Inga í þessum undirbúningi var Almar Ögmundsson.

Hópurinn kom svo til St. Moritz þann 11. febrúar. Til aðstoðar við keppendur í þessari ferð voru:

- Jón Viðar Þorvaldsson – fararstjóri
- Egill Ingi Jónsson – landsliðsþjálfari
- Fjalar Úlfarsson – aðstoðarþjálfari
- Snorri Páll Guðbjörnsson – aðstoðarmaður
- Brynja Þorsteinsdóttir – aðstoðarmaður
- María Magnúsdóttir – sjúkraþjálfari
- Einar Þór Bjarnason – formaður

Gengi keppenda var með miklum ágætum og unnu bæði Freydís Halla og Sturla Snær sér inn þáttökurétt í aðalkeppnum í bæði svigi og stórsvigi. Freydís varð í 9. sæti í undankeppni í stórsvigi og 25. sæti í svigi og Sturla varð í 2. sæti í stórsvigi og 12. sæti í svigi. Freydís vann sér sæti í seinni ferð í stórsvigi og endaði þar í 47. sæti en hlekkist á í fyrri ferð í sviginu og var úr leik. Sturla náði einnig að vinna sér inni sæti í seinni ferð í stórsvigi í aðalkeppninni en hlekkist á í þeirri síðari. Honum hlekkist einnig á í fyrri ferð í svigkeppninni. Hópurinn hélt síðan heim á leið þann 20. febrúar.

Ólympíuhátið Evrópuæskunnar fór fram á sama tíma og HM eða 12. til 17. febrúar. Þar var eins og áður sagði valið eftir valreglu sem kynnt var um haustið og hópurinn sem fór var:

- Georg Fannar Þórðarson
- Jökull Þorri Helgason
- Harpa María Friðgeirsdóttir
- Katla Björg Dagbjartsdóttir
- María Finnbogadóttir
- Sigríður Dröfn Auðunsdóttir
- Aron Andrew Rúnarsson – Þjálfari
- Sigurgeir Halldórsson – Þjálfari

## Mars – apríl

6. mars til 12. mars hélt hópur á vegum SKÍ til Ítalíu að taka þátt á Alpecimbra FIS Children Cup (áður Topolino) þeir sem fóru í þá ferð voru:

- Helgi Halldórsson
- Andri Gunnar Axelsson
- Guðni Berg Einarsson
- Fríða Kristín Jónsdóttir
- Embla Rán Baldursdóttir
- Nanna Kristín Bjarnadóttir
- Örvar Logi Örvarsson
- Markús Loki Gunnarsson
- Ólafía Elísabet Einarisdóttir
- Hildur Védís Heiðarsdóttir
- Tinna Dagbjartsdóttir – Fararstjóri
- Gunnar Þór Halldórsson – Þjálfari
- Katrín Eir Smáradóttir – Þjálfari

Á sama tíma eða 8.-14.mars fór fram HM unglunga í Åre í Svíþjóð og var valið eftir áður útgefnum lágmarkum og þeir sem unnu sér innþátttökurétt voru:

- Andrea Björk Birkisdóttir
- María Finnbogadóttir
- Katla Björg Dagbjartsdóttir
- Björn Ásgeir Guðmundsson
- Jón Gunnar Guðmundsson
- Egill Ingi Jónsson – landsliðsþjálfari
- Aron Andrew Rúnarsson – aðstoðarþjálfari

Hópurinn hélt utan eins og áður segir 8. mars og var við æfingar fram að keppni sem var dagana 12.-14. mars. Árangurinn var ekki eftir væntingum en benda má á að HM unglunga er orðið alveg gríðarlega sterkt mót, enda hluti af Evrópubikarnum, og geysilega erfitt er að ná í úrslit á þessu móti.

28.-30. apríl var haldið þjálfaranámskeið og var leiðbeinandi Stephen Helfenbein frá Bandaríkjunum. Námskeiðið tókst með ágætum og hafa í kjölfarið farið af stað viðræður við hann um að hjálpa okkur að byggja upp alvöru ramma utanum menntun þjálfara hér á landi. Miklar væntingar eru bundnar við að loksins náist að taka þessi fræðslumál þjálfara föstum tökum og koma þeim í gott horf.

## Lokaorð

Heilt yfir hefur starfsemi AGN gengið vel fyrir sig. Það urðu miklar breytingar á setu í nefndum á fyrra starfsári nefndarinnar en nefndarmenn þéttu raðirnar fyrir seinna árið og unnu vel saman að þeim verkefnum sem þeir stóðu fyrir. Gerðar hafa verið miklar breytingar að mínu mati til hins betra á þessum tveimur árum eins og t.d. að nú er opinbert hvernig valið er í landslið og allir geta séð hvað þarf að gera til að ná því markmiði. Sama á við val í verkefni á vegum SKÍ þar eru gefnar út valreglur fyrir veturinn og veit þá hver og einn hvað hann/hún þarf að gera til að vinna sér inn þátttökurétt í því verkefni. Einnig með aðstoðarmenn í verkefni. Í fyrsta sinn var auglýst eftir þjálfurum til að fara með í ferðir á vegum SKÍ og geta

með því víkkað sjóndeildarhringinn sinn, fengið reynslu og prófað eitthvað nýtt en því miður var áhuginn ekki eins og við vonuðumst eftir. Engu að síður ætlum við að gera þetta aftur fyrir næsta vetur og vonandi verða undirtektir betri þá. AGN tók einnig stórar ákvarðanir á tímabilinu. T.d. munu AGN og SKÍ ekki senda keppendur á barnamót (Topolino) næsta vetur eins og gert hefur verið í nokkur ár heldur munum við einbeita okkur að því að gera eitthvað fyrir hreyfinguna í heild og reyna að efla þannig starfið og stuðla að því að lengja feril þeirra iðkenda sem nú stunda íþróttina en sorglega fáir iðkendur eru nú um mundir í elstu flokkunum.

F.h. alpagreinanevndar SKÍ  
Snorri Páll Guðbjörnsson

## Skýrsla skíðagöngunefndar 2015-2017

Á Skíðaþingi 2015 var kosin ný nefnd til teggja ára: Hana skipuðu:

- Birgir Gunnarsson (Formaður, skipaður úr stjórn SKÍ)
- Kristján Hauksson, Ólafsfirði
- Einar Ólafsson, Reykjavík
- Kristbjörn Róbert Sigurjónsson, Ísafirði
- Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, Ísafirði

Á fyrsta fundi sagði Hólmfríður Vala sig frá nefndinni vegna anna í öðrum verkefnum.

Birgir Gunnarsson hættir í nefndinni sem og í stjórn SKÍ í desember 2015 og Kristján Hauksson tekur við formennsku. Ragnar Bragason, Hólmavík, kemur inn í nefndina.

### Tímabilið 2015/2016

Landsliðþjálfari var ráðinn til starfa hjá nefndinni, Jostein H. Vinjeuri frá Noregi. Á þessum tíma starfaði Jostein sem þjálfari að hluta til hjá breska landsliðinu sem og að reka sitt eigið lið í Noregi, Team Synfjell. Eftir viðræður við hann passaði vel að taka við landsliði Íslands. Ákveðið var að hann myndi fyrst og fremst einbeita sér að A-landsliðinu en myndi líka koma að samæfingum hérna heima.

Skíðagöngunefnd valdi eftirfarandi aðila í A-landslið veturinn 2015/2016

Brynjar Leó Kristinsson, SKA

Sævar Birgisson, SÓ

Tvær samæfingar voru haldnar yfir sumarið þar sem landsliðsþjálfarinn, Jostein H. Vinjerui, kom og stýrði þeim ásamt nefndinni. Æfingarnar voru opnar öllum 12 ára og eldri og var þátttakan þokkaleg.

- Samæfing á Ísafirði 26.-28. júní 2015
- Samæfing á Ólafsfirði 4.-6. september

Eftir samæfinguna á Ísafirði var ákveðið að velja í U21 landslið:

Albert Jónsson, SFÍ

Dagur Benediktsson, SFÍ

Jónína Kristjánsdóttir, SÓ

Sigurður Arnar Hannesson, SFÍ

Prógramið hjá A-landsliðinu var unnið í samráði við Jostein og landsliðsmönnunum tveimur. Í október 2015 fór Brynjar Leó ásamt Jostein og liðinu hans Team Synfjell á jökul í Frakklandi í hæðarþjálfun. Sævar og Brynjar kepptu svo á FIS mótum í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi fram að áramótum. Farið var með U21 liðið í skipulagða æfinga- og keppnisferð til Gaala í Noregi og Idre í Svíþjóð. Um var að ræða 10 daga ferð og var Kristján Hauksson fararstjóri í ferðinni.

Eftir áramót kepptu Sævar og Brynjar áfram á FIS mótum, voru báðir nokkru frá sínu besta en veikindi spiluðu mikið inn í allan undirbúning og æfingar.

Aftur var farið með U21 liðið í æfinga- og keppnisferð í febrúar 2016. Farið var til Hudiksvall í Svíþjóð og keppt þar á þremur mótum. Um var að ræða 7 daga ferð og var Vadim Gusev fenginn til að fara sem fararstjóri í ferðina.

Ólympíuleikar ungmenna fóru fram í annað skiptið og voru þeir haldnir í Lillehammer í Noregi í febrúar 2016. Einn skíðagöngumaður var sendur til þátttöku og var það Ísfirðingurinn Dagur Benediktsson. Hann keppti í sprettgöngu, göngu með frjálstri aðferð og skíðagöngu „crossi“. Fararstjóri í þessari ferð var Steven Gromatka.

Allt mótahald gekk þokkalega vel fyrir sig þennan vetur. Öll bikarmót voru haldin skv. mótaskrá sem er nokkuð óvanalegt. Eftir Skíðaþing 2015 var ákveðið að prufa að keyra bikarmót og Íslandsgöngu saman. Aðal ástæðan var að fjöldi keppnishelga voru orðnar of margar og því var gerð tilraun til að fækka helgum og reyna að gera viðburðina stærri með sameiningu. Þetta var tilraunarráttur virði en eftir á að hyggja var þetta ekki alveg að ganga upp. Bikarmót, þar sem er verið að keppa til sigurs og almenningsganga þar sem er verið að keppa til að hafa gaman, fer ekki nógu vel saman. Munur er á keppnisbrautum og uppleggi og erfitt að púsla þessu saman. Það var því mat nefndarinnar eftir þennan vetur að halda þessu aðskildu.

### **Tímabilið 2016/2017**

Landsliðsþjálfarinn Jostein H. Vinjerui var áfram og ákveðið var að breyta uppsetningu á landsliðum. Bræður frá Noregi höfðu samband við nefndina og vildu keppa fyrir Ísland en undanfarið höfðu þeir keppt fyrir Noreg. Bræðurnir, Snorri Einarsson og Sturla Björn Einarsson, eiga íslenskan faðir en norska móðir og því var hægt að skipta um keppnisland á auðveldan hátt hjá FIS. Snorri Einarsson hafði áður verið í landsliðum á vegum norska skíðasambandsins og gríðarlega góður göngumaður. Bræðurnir fóru báðir beint inní A-landsliðið en árangur þeirra að undanfögnu sýndi að þeir áttu fullt erindi þangað.

#### A-landslið

Brynjar Leó Kristinsson, SKA

Snorri Einarsson, Ullur

Sturla Einarsson, Ullur

Sævar Birgisson, SÓ

#### B-landslið

Albert Jónsson, SFÍ

Dagur Benediktsson, SFÍ

Elsa Guðrún Jónsdóttir, SÓ

Kristrún Guðnadóttir, Ullur

Sigurður Arnar Hannesson, SFÍ

Sólveig María Aspelund, SFÍ

Tvær samæfingar voru haldnar yfir sumarið þar sem landsliðsþjálfarinn, Jostein H. Vinjerui, kom og stýrði þeim ásamt nefndinni. Æfingarnar voru opnar öllum 12 ára og eldri og var þátttakan þokkaleg.

- Samæfing í Mosfellsbæ 21.-24.júlí 2016
- Samæfing á Ísafirði 25.-28.ágúst 2016

Þeir Brynjar Leó Kristinsson, Snorri Einarsson og Sturla Björn Einarsson fóru allir með landsliðsþjálfaranum á jökul í Frakklandi í október 2016. Þeir félagar kepptu svo allir í Muonio í Finnlandi um miðjan nóvember þar sem Snorri Einarsson gerði sér lítið fyrir og endaði í 2.sæti í 15 km göngu með frjálsri aðferð. Í framhaldinu keppti Snorri svo á mótum í Beitostolen sem eru jafnan talin sterkustu FIS mót á hverju ári í Evrópu en þar endaði hann í 13. og 15.sæti. Í desember tók Snorri þátt á heimsbikarmóti í La Clusaz í Frakklandi en þurfti að hætta keppni vegna veikindi og í kjölfarið náði hann ekkert að æfa í 5 vikur sökum veikindana. Hjá hinum í A-landsliðinu voru veikindi líka mikið að stríða þeim. Sturla Einarsson fékk lungnabólgu og keppti ekkert frá nóvember þangað til á Skíðamóti Íslands í byrjun apríl. Brynjar Leó Kristinsson reyndi að keppa í desember og janúar en þurfti ítrekað að hætta keppni sökum veikinda. Í byrjun febrúar var hann svo greindur með heiftarlegan astma sem útskýrði erfiðin. Sævar Birgisson hefur undanfarin ár verið að glíma við bakmeiðsli fór sumarið og haustið að mestu í endurhæfingu hjá honum. Í desember keppti hann á tveimur mótum í Lygna í Noregi en notaði svo janúar og fyrri part febrúar í æfingar til að undirbúa sig fyrir HM.

Farið var með B-landsliðið liðið í æfinga- og keppnisferð til Bruksvallarna og Idre í Svíþjóð. Einnig var boðið með aðilum sem áttu möguleika á að fara á EYOF að koma með. Ferðin var 13 dagar og fararstjórar voru þau Ólafur H. Björnsson og Friðgerður Jóhannsdóttir.

Í desember 2016 var tekið þátt í æfingabúðum á vegum FIS sem fram fóru í Val di Fiemme á Ítalíu. Hægt var að senda tvo keppendur, strák og stelpu ásamt einum þjálfara. Ákveðið var að taka þátt í verkefninu þar sem það var frítt fyrir utan að þátttakendur þurftu að koma sér á staðinn sjálf. Steven Gromatka fór sem þjálfari en þau Albert Jónsson (SFÍ) og Krístrún Guðnadóttir (Ullur) fóru sem iðkendur. Þátttakendur gátu einungis verið í U21 flokknum til þess að hafa þátttökurétt.

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF) fór fram í Tyrklandi 12.-17.febrúar 2017. Fjórir keppendur og tveir þjálfarar tóku þátt í skíðagönguhlutanum. Ólympíuþorpið var í Erzurum og voru aðstæður hinar bestu. Keppt var í sprettgöngu og göngum með bæði hefðbundinni og frjálsri aðferð.

- Anna María Daníelsdóttir – Keppandi
- Arnar Ólafsson – Keppandi
- Pétur Tryggvi Pétursson – Keppandi
- Sigurður Arnar Hannesson – Keppandi
- Steven Gromatka – Þjálfari
- Gunnar Bjarni Guðmundsson – Þjálfari

Stærsti viðburðar tímabilsins er þó án efa þátttaka okkar á HM í norrænum greinum sem fram fór í Lahti í Finnlandi frá 21.febrúar til 5.mars 2017. Sem undirbúning fyrir HM var þátttakendum ásamt öðrum A og B-landsliðskeppendum boðið að koma með í undirbúningsferð til Falun í Svíþjóð. Ferðin var stutt, einungis 5 dagar, en keppt var á mótum þremur mótum þar. Einar Ólafsson fór með í þá ferð sem fararstjóri.

Skíðagöngunefnd valdi eftirfarandi keppendur á HM:

- Albert Jónsson, forkeppni og sprettganga
- Brynjar Leó Kristinsson, forkeppni og sprettganga
- Elsa Guðrún Jónsdóttir, forkeppni og sprettganga
- Snorri Einarsson, allar greinar
- Sævar Birgisson, forkeppni og sprettganga

Snorri Einarsson hafði náð lágmarkum fyrr um veturinn og gat því tekið þátt í öllum greinum. Aðrir þurftu að fara í forkeppni til að öðlast þátttökurétt í lengri vegalengdum en allir gátu tekið þátt í sprettgöngu. Stærri hópur af fylgdarliði fór með miðað við undanfarin ár en hópurinn stóð saman af aðalfarastjóra, landsliðsþjálfara, lækni/aðstoðarmanni og tveim smurningsmönnum. Aðal ástæðan fyrir stærri hóp fylgdarmanna var sú að fleiri keppendur en undanfarin ár var að taka þátt og í fyrsta skipti vorum við með keppendur af báðum kynjum.

Árangurinn á HM var vægast sagt góður. Elsa Guðrún sigraði í forkeppni kvenna og tryggði sér þar með þátttöku í öllum greinum. Elsa keppti í sprettgöngu, 15km skiptigöngu (49.sæti) og 10km göngu með hefðbundinni aðferð (67.sæti). Elsa er fyrsta Íslenska konan til að keppa á HM og stóð sig frábærlega. Albert Jónsson var á sínu fyrsta HM og stóð sig vel. Auk þess að keppa í forkeppni og sprettgöng gekk Albert liðasprettinn með Sævari. Sævar Birgisson var einungis 7 sek frá því að komast upp úr forkeppninni en hann leiddi keppnina á tímabili. Sævar keppti einnig í sprettgöngu og liðasprett með Albert. Brynjar Leó keppti í forkeppni og sprettgöngu.

Snorri Einarsson keppti í 30km skiptigöngu og endaði í 39.sæti ásamt því að taka þátt í 15km göngu með hefðbundinni aðferð en þar endaði hann í 43.sæti.

Að HM loknu var ákveðið að segja upp samningi við landsliðsþjálfarann Jostein H. Vinjerui. Samstarfið var ekki að virka lengur þar sem hann var kominn í stærra hlutverk hjá breska landsliðinu. Skíðagöngunefnd gekk nýlega frá samningi við nýjan þjálfara sem heitir Vegar Karlstrom og er hann frá Noregi. Vegard var annar af tveimur smurningsmönnum sem liðið var með á HM í Lahti. Vegard hefur verið þjálfari í skíðamenntaskóla í Noregi ásamt því að hafa unnið sem smurningsmaður víðsvegar um Noreg á hæsta stigi. Er hann ráðinn í eitt ár með möguleika um eins árs framlengingu.

Mótahald á Íslandi var óvenju erfitt þennan veturinn sökum snjóleysis framan vetri og svo leiðinda veðri seinni hluta þess. Þegar upp var staðið náðist þó að halda öll bikarmót vetrarins en þó með tilfærslum. Í fyrsta skipti var keppt á FIS mótum, á fyrsta bikarmóti vetrarins í Reykjavík og svo á Skíðamóti Íslands. Er það mat nefndarinnar að FIS mótin hafi gengið virkilega vel og með tilkomu erlends eftirlitsmanns komst meiri fagmennska á mótahaldið. Næsta vetur er stefnt að því að öll bikarmót verði FIS mót. Íslandsgangan átti erfitt uppdráttar og þurfti að aflýsa tveimur mótum, annars vegar Fjarðargöngunni á Ólafsfirði og hinsvegar Orkugöngunni á Húsavík.

Skíðagöngunefnd lítur björtum augum inní framtíðina. Langt er síðan landslið sambandsins hafa verið jafn sterkt og fleiri ungir iðkendur eru að koma upp í starfi aðildarfélaganna SKÍ. Á næsta ári eru Ólympíuleikar þar sem stefnt er á þátttöku með 2-3 keppendur í skíðagöngu sem lýsir best þeim uppgangi sem hefur átt sér stað.

Ég vil þakka nefndarmönnum, stjórn SKÍ og framkvæmdastjóra fyrir samstarfið á þessu starfsári.

F.h. skíðagöngunefndar SKÍ  
Kristján Hauksson



## Skýrsla Snjóþrettanefndar 2017

Á Skíðaþingi 2015 var kosin ný stjórn til tveggja ára. Hana skipuðu:

- Friðbjörn Benediktsson (Formaður, skipaður úr stjórn SKÍ)
- Kristján Kristjánsson
- Leifur Sigurðsson
- Hákon Viðarsson
- Davíð Ólafsson

### Tímabilið 2015/2016

Nokkrir símafundir voru haldnir og var farið yfir hvernig mótahaldi skyldi háttáð. Ákveðið var að halda tvö bikarmót, annað í Oddsskarði og hitt í Bláfjöllum. UMÍ var haldið var á Akureyri í mars og var það í fyrsta sinn sem keppt var á snjóþrettum á því móti. Snjóþrettaiðkendur tóku einnig þátt í Andrésar Andarleikunum. Þar voru rétt um 100 iðkendur skráðir til leiks og komu þeir frá; SKA, Breiðablik, Fjarðabyggð, Siglufirði, Ísafirði, Dalvík, BFH og Tindastóli en það var í fimmta sinn sem keppt var á snjóþrettum á þeim leikum.

Haldið var Meistaramót Íslands (næsta ár Íslandsmeistara mót í Risa stökki) í Big Air, ásamt Slope Style móti í samvinnu við Iceland Winter Games og mótshaldara World Rookie Tour (WTR / WSF). Í fyrsta skipti var haldið mót á Íslandi sem gaf alþjóðlega TTR punkta. Stefnan er að halda alþjóðlegt Slope Style mót á Íslandi næsta vetur innan WRT.

Viktor Helgi Hjartarson var ráðinn sem landsliðsþjálfari og var hans hlutverk að sjá um þjálfun og skipuleggja æfinga- og keppnisferðir. Nendin setti á stofn í fyrsta sinn afrekshóp á snjóþrettum. Sex drengir voru valdir í afrekshóp SKÍ á tímabilinu. Aron Snorri Davíðsson, Marinó Kristjánsson Baldur Vilhelmsson, Benedikt Friðbjörnsson, Ingólfur Jónsson og Stefán Vilhelmsson. Strákarnir tóku þátt í einni æfingaferð í Október og æfinga- og keppnisferð í janúar. Þar sem strákarnir tóku þátt í Groms Open í Austurríki og WRT móti á Ítalíu. Gekk strákunum vel í báðum mótum. Baldur og Benedikt fóru síðan á WRT final í Austurríki þar sem þeim gekk líka ágætlega.

Á næsta starfsári liggur fyrir að fá aðila til landsins sem gæti haldið námskeið fyrir dómara.

### Tímabilið 2016/2017

Tveir fundir voru haldnir og nokkrir símafundir og var farið yfir hvernig mótahaldi skyldi háttáð. Ákveðið var að halda tvö bikarmót, annað í Oddsskarði og hitt í Bláfjöllum. Bikarmótið í Oddsskarði féll niður vegna snjóleysis en eftir frestun náði að halda móti í Bláfjöllum. UMÍ átti upphaflega að fara fram á Ísafirði en vegna snjóleysis var það fært í Bláfjöll. Að lokum var ákveðið að snjóþretti myndu ekki taka þátt á UMÍ og var haldið bikarmót á Akureyri í staðin. Snjóþrettaiðkendur tóku einnig þátt í Andrésar Andarleikunum og var það í sjötta skiptið.

Annað árið í röð var valið í afrekshóp á snjóþrettum. Sjö drengir voru valdir í afrekshóp SKÍ á liðnu ári. Aron Snorri Davíðsson, Birkir Georgsson, Marinó Kristjánsson, Baldur Vilhelmsson, Benedikt Friðbjörnsson, Tómas Orri Árnason og Egill Gunnar Kristjánsson. Strákarnir tóku þátt í einni æfingaferð í Október og æfinga og keppnisferð í janúar. Þar sem

strákarnir tóku þátt í Wally Rally í Austurríki og WRT móti á Ítalíu. Gekk strákunum vel í báðum mótum. Birkir vann WRT á Ítalíu og Baldur varð í öðrusæti í Wally Rally. Fóru svo fimm stigahæstu strákarnir á WRT final í Austurríki þar sem Baldur náði öðru sæti í U16 og 16.sæti í heildina. Viktor Helgi Hjartarson var áfram landsliðsþjálfari á tímabilinu og var með aðstoðarþjálfara í öllum ferðum.

Farið var með ÍSÍ á Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF) í Tyrklandi þar sem þrír keppnir tóku þátt í brettaati. Aron Kristinn Ágústsson, Bjarki Jarl Haraldsson og Tómas Orri Árnason. Lokaniðurstaðan hjá drengjunum varð sú að Bjarki hafnaði í 11. sæti, Tómas í því 16. og Aron í því 18. Er þetta í fyrsta skipti sem snjóbrettakeppendur taka þátt í ólympísku verkefni á vegum ÍSÍ.

Dómaranámskeið var haldið í nóvember og mættu á það um 10 manns.

Í upphafi árs voru gefin út lágmark vegna val í landslið fyrir veturinn 2017/2018. Sett voru lágmark fyrir A og B landslið ásamt afrekshóp á snjóbettum út frá árangri í Slope Style og Big Air. Eins og staðan er í dag eru tveir búnir að ná lágmarkum í A Landslið og tveir í B landslið.

- A Landslið
  - Birkir Georgsson í 142 sæti með 205,3 stig
  - Marínó Kristjánsson í 148 með 200,15 stig
- B landslið
  - Baldur Vilhelmsson í 206 sæti með 160,66 stig
  - Benedikt Friðbjörnsson í 334 sæti með 107,75 stig


Á næsta starfsári liggur fyrir að fá menn til landsins sem gæti haldið námskeið fyrir þjálfara og jafnvel troðaramenn til að læra að setja upp aðstöðu fyrir snjóbrettaiðkendur. Við teljum að það vanti þekkingu á flest skíðasvæði á landinu að þessu leyti. Við þurfum að fá samband skíðasvæða með okkur í lið til að halda svona námskeið.

Snjóbrettanefnd þakkar þeim sem komu að starfi nefndarinnar og lögðu hönd á plóg. Einnig er rétt að þakka styrktaraðilum SKÍ fyrir þeirra framlög.

F.h. snjóbrettanefndar  
Friðbjörn Benediktsson

## Skíðaiþróttir (SKÍ)

## Iðkendur eftir aldri 2013



Iðkendu SKÍ 2013 eftir búsetu	KVK <15		KK <15		KVK =>16		KK =>16		Alls
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
<b>Heildarfjöldi iðkenda</b>	460	47,4%	510	52,6%	210	45,8%	249	54,2%	1.429
Austurland	60	44,8%	74	55,2%	33	57,9%	24	42,1%	191
Höfuðborgarsvæði	160	47,2%	179	52,8%	38	36,5%	66	63,5%	443
Norðurland eystra	155	45,2%	188	54,8%	85	47,2%	95	52,8%	523
Norðurland vestra	20	46,5%	23	53,5%	20	46,5%	23	53,5%	86
Suðurland	2	66,7%	1	33,3%	2	66,7%	1	33,3%	6
Suðurnes	2	50,0%	2	50,0%	2	66,7%	1	33,3%	7
Vestfirðir	57	60,0%	38	40,0%	25	45,5%	30	54,5%	150
Vesturland			2	100,0%	2	33,3%	4	66,7%	8
Vantar uppl./erl.	4	57,1%	3	42,9%	3	37,5%	5	62,5%	15

## Iðkendu 1994-2013

